



Hvert er heimurinn að stefna?
Mannfræðileg sýn á póstkapítalisma í nútímasamfélögum

Regína Márusdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvert er heimurinn að stefna?
Mannfræðileg sýn á póstkapítalisma í nútímasamfélögum

Regína Márusdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði
Leiðbeinandi: Unnur Dís Skaptadóttir
Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Regína Máriosdóttir 2016

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um þær breytingar sem eru að eiga sér stað í efnahagskerfum nútímans, sökum tækninýjunga og breyttra áherslna í samfélögum víðs vegar um heiminn. Skoðað verður fyrirbærið póstkapítalismi, sem margir fræðimenn hafa bent á að sé nú þegar hafinn. Einnig verður litið á sögulegt samhengi kapítalisma, nýfrjálshyggju og hnattvæðingar, og arfleifð Karl Marx verður skoðuð með það að leiðarljósi að kanna hvaða áhrif hugmyndir hans hafa haft á breytta tíma nútímans. Ennfremur verða skoðaðar þær afleiðingar sem nýfrjálshyggjan í samspili við hnattvæðingu hafa leitt af sér, sem gefur hugmyndum póstkapítalismans meira vægi. Í lokin verður efnið dregið saman og varpað verður fram vangaveltum um þær breytingar sem eru í vændum með komu póstkapítalismans. Það er vert að hafa í huga að hugtakið póstkapítalismi virðist enn vera í mótun og munu umbreytingar frá einu efnahagskerfi yfir í annað taka sinn tíma, en það er mikilvægt að byrja að átta sig á þessum breytingum. Ritgerðin er því ætluð til þess að opna fyrir umræðu á því viðfangsefni.

Lykilorð: *Kapítalismi, nýfrjálshyggja, hnattvæðing, Marx, tæknivæðing, póstkapítalismi*

Abstract

This essay will bring to light the changes in our economic structure as we are being faced with new ways of life in modern societies. These changes come about due to ever evolving technologies and the abundance of information that follows. The essay will begin to look at the historical context of capitalism, neoliberalism as well as globalisation, to better understand the reality of the economy in modern times. Marx's legacy will be examined to shine a light on the influences he has had on academic studies to this day. The technological advances that have created new ways of doing business have also spurred a shift towards a new economic model; postcapitalism. The concept of postcapitalism is still in the making and, just as capitalism was to feudalism, the transition will be subtle and gradual. Moreover, it will be important to not only recognize these changes but also to embrace them. This essay is therefore meant to open a dialog to further discuss our economic and societal future.

Keywords: *Capitalism, neoliberalism, globalisation, Marx, technological advances, postcapitalism*

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Sögulegt samhengi	9
2.1. Skilgreining á kapítalisma	9
2.2. Þegar nýfrjálshyggja og hnattvæðing litu dagsins ljós	12
2.3. Arfleifð Marx	16
3. Birtingarmyndir póstkapítalisma í nútímanum	19
3.1. Tæknivæðing og upplýsingaflæði	19
3.2. Hvað er póstkapítalismi?	21
4. Hvert er heimurinn að stefna?	26
4.1. Hvað hafa nýfrjálshyggja og hnattvæðing leitt af sér?	26
5. Umræða og niðurstöður.....	30
Heimildaskrá	32

„So I want to propose an alternative: first, we save globalization by ditching neoliberalism; then we save the planet – and rescue ourselves from turmoil and inequality – by moving beyond capitalism itself“

(Mason, 2015, bls. xi)

1. Inngangur

Í gegnum tíðina höfum við séð margvíslegar birtingarmyndir efnahagskerfa í hinum vestræna heimi og er kapítalisminn það efnahagskerfi sem hefur staðið hvað mest upp úr. Kapítalismi hefur sjálfur fjölmargar birtingarmyndir og er hægt að skilgreina hann á ýmsa vegu nú til dags, en fyrir hvað stóð hann í upphafi og er sú birtingarmynd enn þekkjanleg í nútímanum? Til þess að skoða þessar vangaveltur er mikilvægt að líta á sögulegt samhengi kapítalismans. Upphaf kapítalismans má rekja til iðnvæðingarinnar og var hann það efnahagskerfi sem tók næst við af lénsveldinu. Síðan þá hefur mikið gengið á í hinni ýmsu þróun innan samfélaga og hefur kapítalisminn fylgt með. Karl Marx var meðal þeirra fræðimanna sem lögðu sitt af mörkum við að skilgreina eiginleika kapítalismans og tók hann sérstaklega fyrir hugtakið *kapítal* til þess að útskýra eðli kapítalismans. Marx bendir á að kapítalisminn snúist í stuttu máli um framleiðslu verslunarvara og er *kapítal* drifkraftur slíkrar framleiðslu. Á síðari árum hafa margir mannfræðingar einnig lagt sitt af mörkum við að skilgreina bæði hvað kapítalisminn felur í sér en einnig hvaða áhrif hann hefur haft á samfélög. Mannfræðingar á borð við Stuart Plattner, Eric Wolf og David Graeber hafa tekið virka afstöðu og bent meðal annars á það siðleysi sem oftast en ekki fylgir ýmsu kapítalísku hátterni. Þeir eru allir sammála um að ákveðið valdaójafnvægi og ójafnrétti skapist í kapítalískum samfélögum, sem rekja má til þeirra aðferða sem kapítalísk framleiðsla tileinkar sér.

Ennfremur hefur nýfrjálshyggja og hnattvæðing fylgt kapítalískri hugmyndafræði í nútímanum og er því mikilvægt að skoða þau fyrirbæri vel. Nýfrjálshyggja hefur einmitt gert kapítalísmanum kleift að blómstra og hefur hnattvæðingin gert honum kleift að þrífast heimshorna á milli, en hvaða áhrif hefur það haft á samfélög víðsvegar um heiminn? Það eru ýmsar neikvæðar afleiðingar sem hægt er að rekja sérstaklega til nýfrjálshyggjunnar og sjáum við ýmis dæmi um það í heiminum í dag. Til að mynda er hægt að rekja nýlegt borgarastríð í Sírylandi til afleiðinga nýfrjálshyggjunnar, einnig vatnsstríðin sem hafa átt sér stað í Suður-Ameríku og jafnvel bankakreppuna síðustu á Íslandi. Tæknivæðing og tækninýjungar hafa einnig sett svip sinn á nútímann og má segja að öld upplýsinga sé hafin. Það gífurlega aðgengi almennings að hvers konar upplýsingum hefur haft þær afleiðingar að æ fleiri hafa vitneskju um þá hluti sem eru raunverulega í gangi í sínu kapítalíska samfélagi og átta sig þar

með á að ekki sé allt með felldu, en Marx sjálfur taldi að það fyrirbæri sem myndi marka endi kapítalismans væri einmitt óheftur aðgangur almennings að upplýsingum. Með stöðugu upplýsingaflæði er því að skapast ný og ný hugmyndafræði innan samfélaga heimsins og hafa margir fræðimenn bent á að nýrra áhersla sé þörf í efnahagskerfinu vegna þessa. Því er farið að tala um póstkapítalisma í þessu skyni og hefur hagfræði blaðamaðurinn Paul Mason bent á að hann sé nú þegar hafinn, mannkynið þarf bara að átta sig á því. Póstkapítalisma er í raun stillt upp sem hálfgerðri lausn á þeim vandamálum sem fylgja kapítalísku efnahagskerfi, þar á meðal þeim síendurteknu kreppum sem gengið hafa yfir mannkynið frá upphafi kapítalismans. Ennfremur er lögð svo mikil trú á póstkapítalisman að menn á borð við Paul Mason þora að halda því fram að með póstkapítalísku efnahagskerfi væri hægt að koma á fót samfélagi þar sem algjört jafnrétti ræður ríkjum.

Þessi ritgerð leitast við að útskýra þær breytingar sem eru að eiga sér stað í efnahagskerfum nútímasamfélaga og verður lögð áhersla á að skoða póstkapítalisma í því samhengi. Ritgerðin skiptist í þrjú meginhluta sem ætlað er að skýra efnið á kerfisbundinn hátt. Í fyrsta hlutanum verður skoðað sögulegt samhengi kapítalismans, nýfrjálshyggju og hnattvæðingar. Einnig verður farið nánar út í hugmyndafræði og kenningar Marx og skoðuð sú marxíska arfleifð sem fylgt hefur inn í kenningar og hugmyndir fræðimanna samtímans. Í öðrum hluta verður farið nánar út í þær tækninýjungar sem hafa svo sannarlega haft áhrif á nútímann. Fjallað verður um hvernig upplýsingatæknin er orðinn ómissandi hluti af okkar daglega lífi og skoðuð ný birtingarmynd vinnuafis, hið stafræna vinnuafli. Einnig verður grafið dýpra inn í merkingu póstkapítalismans og gerð grein fyrir þeim þáttum sem gera hann frábrugðinn kapítalismanum. Í þriðja hlutanum verður svo farið yfir þær afleiðingar sem hafa fylgt nýfrjálshyggjunni og hnattvæðingunni og þar með dregin ályktun um hvort breytinga sé sannarlega þörf á heimsvísu, einna helst í efnahagskerfum. Að lokum munu umræður og niðurstöður draga ályktanir um mikilvægi póstkapítalismans. Ritgerðin mun svara öllum þeim spurningum og vangaveltum sem hér á undan komu út frá mannfræðilegu sjónarhorni og er því lögð mesta áherslan á umfjallanir mannfræðinga.

2. Sögulegt samhengi

2.1. Skilgreining á kapitalisma

Kapítalismi getur verið skilgreindur á ýmsa vegu og til eru mörg birtingarform hans. Samkvæmt heimspekingnum Ayn Rand (1965) er kapítalismi það „efnahagskerfi sem hefur verið mest við völd í hinum iðnvæddu ríkjum Vesturlanda frá því að lénsveldið hrökklaðist frá“ (bls. 13). Það sem kapítalismi gengur helst út á eru einkaeignir einstaklinga á ópersónulegri framleiðslu, það sem kalla má auðmagn eða *kapítal* einstaklinga, og samband þeirra við „frjálsa *capitalles* starfsmenn sína sem selja atvinnurekendunum vinnu sína“ (bls. 13-14). Í riti sem kom út árið 1919 kemur fram að kapítalismi sé því ekki kerfi stjórnsýslna heldur kerfi fastafjármuna með tilliti til erfiðis hvers og eins (Douglas, 1919). Þar með er vert að hafa í huga að í kapítalísku samfélagi hefur hver manneskja val um samskipti sín án þess að þvingað sé upp á hana óæskilegum samböndum. Að sama skapi hefur hver og einn rétt til að vera sammála eða ósammála náunga sínum (Rand, 1965).

Til þess að skilja betur hvað *kapítal* stendur fyrir er ágætt að líta á það sem Karl Marx skrifaði um það í bók sinni *Grundrisse*, en þar segir hann að *kapítal* sé „drifkraftur framleiðslunnar (e. the means of production)“ (Marx, 1973, bls. 690). Þegar litið er nánar á skilgreininguna má glögglega sjá að kapítalisminn snýst í raun mikið um einhvers konar ójafnvægi, eða ójöfnuð, á milli einstaklinga í framleiðslunni; við höfum eigendur fyrirtækjanna sem oft einoka markaðinn og svo starfsmennina sem vinna fyrir eigendurna til þess að eiga fyrir hinum ýmsu gjöldum lífsins. Kapítalismi er ennfremur einskona félagslegt kerfi sem byggir á því að viðurkennd séu réttindi manneskjunnar til þess að eiga einstaklingseignir (Rand, 1965). Út frá þessum upplýsingum um kapítalisman er því áhugavert að velta fyrir sér hvernig siðferði einstaklinga sé háttað þegar þeir eru undir kapítalískum áhrifum, en oft hefur verið bent á að ef ekki væri fyrir „eigingirni einstaklinga þá myndi kapítalisminn ekki ná að þrífast“ (Wilson, 1995, bls. 43). Það má því segja að kapítalisminn snúist fyrst og fremst um eiginhagsmuni og auðmagn einstaklinga en ekki um sameiginlega ábyrgð hluta þrátt fyrir að kapítalisminn gæti ekki lifað af ef ekki væri fyrir verkafólkið.

Upphaf vestrænnar hagfræði er hægt að rekja til breska heimspekingsins og hagfræðingsins Adam Smith, en hann taldi mikilvægt að efnahagskerfi yrðu skoðuð gaumgæfilega og lagði hann mikla áherslu á gildi hluta (Wilk og Cliggett, 2007, bls. 51). Þar með varð hugmyndin um hinn skynsama mann, *homo economicus*, til og varð sú hugmynd undirstaða kapítalismans og segir hún til um hvernig maðurinn ætti að haga sér sem skynsamur maður innan ákveðins kerfis efnahags (sjá t.d. Bowles og Gintis, 1993; Frank, 1987; og Henrich, Boyd, Bowles, Camerer, Fehr o.fl., 2001). Hins vegar er nýleg birtingarmynd *homo economicus* fremur óaðlaðandi en hann hefur til að mynda verið kenndur við lygar, svindl og blekkingar svo eitthvað sé nefnt (Bowles og Gintis, 1993). Bowles og Gintis (1993) hafa bent á að í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar hafi hugtakið *homo economicus* verið endurvakið innan hagfræðinnar en birtingarmynd hans hafi ekki verið sú sama og áður. Nýja birtingarmyndin var ekki af hinum hefðbundna herraþingi heldur var hann orðinn „ósveigjanlega ítarlegur í að ná markmiðum sínum, og oftast en ekki lítið góðviljaður“ (bls. 84). Ennfremur voru efnahagslegar venjur hans breyttar, þar sem hann var nú ýmist farinn að breyta högum sínum gagnvart vinnuveitanda sínum sem og að fela, eða fegra, sannleikann fyrir viðskiptafélögum (Bowles og Gintis, 1993). Þannig birtast lævisir hættir *homo economicus* og er augljóst að hann hefur einungis sína eigin hagsmuni í huga. Það er því kannski ekki svo skrítið að núverandi efnahagsmarkaður virðist einkennast af græðgi og blekkingum, en nærtækustu dæmi um slíkt gætu til að mynda verið blekkingarnar sem bæði bankastarfsmenn og almenningur varð fyrir af hálfu bankastjórnenda sem varð til þess að bankakreppan síðasta skall á Íslandi (sjá Kristínu Loftsdóttur, 2015; Már Wolfgang Mixa, 2015; Vilhjálm Árnason, 2015). Nú til dags hefur kapítalismi náð til flestra samfélaga í heiminum. Áhrif hans sjást mjög greinilega bæði í velgengni hinna ýmsu ríkja en einnig í alvarlegum atburðum sem hafa haft hræðilegar afleiðingar, en nánar verður fjallað um þessi áhrif í þriðja hluta þessarar ritgerðar. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að kapítalismi er ekki klipptur og skorinn, til eru margar gerðir og afleggjarar af honum sem hafa mismunandi birtingarmyndir en eru þó í grunninn frá sömu hugmyndafræðinni (sjá Williams, Nadin og Rodgers, 2011).

Líkt og Bowles og Gintis bentu á hér að ofan þá lítur út fyrir að siðferði einstaklinga hverfi í samhengi við kapítalisma og menn upp til hópa hugsuð eingöngu um sína eigin hagsmuni. Þetta skýrist meðal annars í þeim vinnuháttum sem tíðkast innan risafyrirtækja í heiminum, en lítið verður á slíkt dæmi í kafla 4.1 hér á eftir. Adam Smith segir að maðurinn

„sé sjálfsekskur af augljósum ástæðum sem ráðast af því að koma á fót röð og reglu í heiminum“ (Wilk og Cliggett, 2007, bls. 53). Þar með virðist gengið út frá því að eiginhagsmunasemi sé mannum í blóð borin. Wilson (1995) hefur bent á að svo virðist sem að kapitalismi sé hvað mest veikur á grundvelli menningar og siðferðis vegna stöðu hans gagnvart efnahagslegum árangri og forsendu fyrir lýðræði. Ennfremur segir Wilson að „kapitalismi gæti ekki þrífist [...] ef ekki væri fyrir orðstírinn um sjálfsekska dyggð vegna þess að í [ókapitalísku] samfélagi missir dyggðin allan sinn yndisþokka og þjóðskipulag verður ógerlegt“ (Wilson, 1995, bls. 43). Margir róttækir fræðimenn eru því farnir að grípa til þeirra ráða að benda á það ójafnvægi sem ríkir í kapitalískum samfélögum í nafni fjölmennningar og póstmóðernisma, með því að ráðast gegn ofurvaldi einsleitu millistéttarinnar og gilda hennar. Þeir benda þannig á að „vegna þess að siðferði sé merkingarlaust, vegna þess að kapitalismi sé aðeins vald, eða vegna þess að markaður og fyrirtæki eyðileggja menningu, þá er kapitalismi handahófskenndur, kúgandi og spilltur“ (Wilson, 1995, bls. 44). Þannig gagnrýna þeir hugmyndafræði kapitalismans sem birtist meðal annars í ritum Rand.

Ennfremur hafa ýmsir mannfræðingar fjallað um kapitalisma í skrifum sínum, þar á meðal Stuart Plattner, Eric R. Wolf og David Graeber, og er umfjöllun þeirra mun meira í anda hinna róttæku fræðimanna heldur en í anda Rand. Stuart Plattner (1989) hefur til að mynda fjallað um kapitalisma út frá menningunni sem í honum þrífst. Hann bendir á það ójafnvægi sem ríkir innan kapitalískra samfélaga og segir það vera komið til vegna menningarinnar sem þar fyrirfinnst. Ójafnvægið er í raun „stutt og endurskapað út frá hugmyndafræðinni um stéttir þar sem verslunarvörur framkalla ímynd um hvers virði einstaklingar séu. Þeir sem eiga minna eru [þar með] taldir eiga minna skilið [en þeir sem eiga meira]“ (Plattner 1989, bls. 387). Eric Wolf (1990) hefur bent á að þrátt fyrir að sumir telji mannfræðinga ekki eiga heima í rannsóknum á svo stórum hagrænum kerfum, „þar sem þau snerta ekki við alvöru fólki að gera alvöru hluti“, þá hefur þekking mannfræðinga margt gott að leggja af mörkum við slíkar rannsóknir (bls. 587). Hann segir að mannfræðingar séu einmitt einstaklingarnir sem eru mjög færir í að skoða „flæði kapítals og vinnuafls í gegnum tilheyrandi sveiflur, framfarir og bakslög, og að rannsaka þær leiðir sem félagslegt og menningarlegt fyrirkomulag í rými og tíma er dregið upp og bendlað við [kapitalísk framleiðslusambönd]“ (bls. 587). Hér á hann við að sú reynsla sem mannfræðingar öðlast í námi og starfi getur verið hentug til að rannsaka hagræna þætti á milli samfélaga heims, þvert á landamæri. David Graeber (2006) hefur ennfremur beint athyglinni að þeim

neikvæðu áhrifum sem kapítalismi, þá einkum iðnaðarkapítalismi, leiðir af sér og mætti líkja við aðstæður þrælahalds. Á meðan að Rand (1965) heldur því fram að „siðferðisleg réttlætning kapítalismans liggur í þeirri hugmynd að kapítalisminn sé uppsprottinn úr eðlislægri skynsemi mannsins og þar með snúist hann fyrst og fremst um réttlæti“ (bls. 20), þá segir Graeber (2006) að kapítalisminn hafi ekkert með réttlæti að gera heldur einmitt öfugt, óréttlæti. Hann segir einnig að hugmyndafræðin á bak við framleiðsluhættina sem Marx setti fram hafi í raun verið ókláruð og því engin furða að kapítalisminn hafi reynst eins skaðlegur og raun ber vitni. Þó svo að hann hafi náð að þrífast er ekki þar með sagt að hann hafi virkað sem skildi.

Hugtakið tími er peningur er mjög svo í anda kapítalismans en vinnutími er mjög mikilvægur kapítaliskanum. Það er þó ef til vill ekkert skrítið þar sem vinnuaflið er að mestu skipulagt sem verslunarvara og er því mikilvægt að þjappa eins mikilli vinnu í hvern klukkutíma sem líður. Christian Fuchs (2014) hefur skrifað mikið um stafrænan kapítalisma og sett hann í samhengi við það sem er að gerast í tækniheiminum í dag. Hann hefur meðal annars fjallað um þá löngu vinnudaga sem einstaklingar láta sig hafa til þess að ná ákveðnum höfuðstól hverju sinni. Það er einmitt það sem fyrirtæki hafa náð gífurlegri stjórn á, að telja starfsmönnum sínum trú um að mikilvægt sé að vinna eins mikið og hægt er. Þar með hafa fyrirtækin náð að koma sér upp kerfi sem veitir þeim í raun frítt vinnuafli. Vinnumenningin er því alfarið á valdi stjórnendanna. Það er alveg víst að svo lengi sem kapítalismi hefur verið uppi hefur ríkt mikill ójöfnuður innan samfélaga og hefur slíkur ójöfnuður haft verulega slæmar afleiðingar, en farið verður nánar út í þá sálma í næsta hluta þessarar ritgerðar. Lítum því næst á hvað hugtökin nýfrjálshyggja og hnattvæðing fela í sér.

2.2. Þegar nýfrjálshyggja og hnattvæðing litu dagsins ljós

Nýfrjálshyggjan er bein afleiðing hins frjálsa markaðar sem kapítalisminn leiddi af sér. Mannfræðingurinn David Harvey (2005) hefur lýst nýfrjálshyggju sem „kenningu um pólitíska og efnahagslega starfshætti sem leggja til að vellíðan mannverunnar sé best náð með því að koma á fót frelsi einstaklings að frumkvöðlastarfsemi“ en slík starfsemi „einkennist af sterkum eignarrétti, frjálsum markaði, og frjálsum viðskiptum“ (bls. 2). Hann bendir einnig á að í gegnum söguna hafa helstu atriði nýfrjálshyggjunnar snúið að „afnámi hafta,

einkavæðingu, og hörfun ríkisins frá ýmsum vettvangi [innan samfélagsins] sem snýr að félagslegum ráðstöfunum“ (bls. 3). Margir fræðimenn hafa einnig haft orð á því að nýfrjálshyggja sé ein sú stærsta hugmyndafræði sem er ríkjandi í heiminum í dag og hefur tekið virkan þátt í að mynda nútímann (Thorsen, 2010; Harvey, 2005). Dag Einar Thorsen (2010) hefur bent á að nýfrjálshyggjan eigi upptök sín að rekja til lok nítjándu aldar úr grein sem skrifuð var af franska hagfræðingnum Charles Gide. Þar segir Gide að nýfrjálshyggja sé í raun endurkoma að „hinum klassísku frjálshyggju hagfræðikenningum Adam Smith“ (bls. 197). Ennfremur hefur því verið haldið fram að nýfrjálshyggjan sé í raun „sú pólitíska hugmyndafræði sem varð til eftir nokkrar tilraunir til að endurlífga klassíska frjálshyggju á tímabilinu sem fylgdi strax í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar“ (bls. 198).

Nýfrjálshyggjan virðist því hafa komið fram á sjónarsviðið sem einhvers konar bjargvættur við niðurníddum aðstæðum eftir stríðið og var henni ætlað að koma hlutum aftur í gang. Áhyggjufullir fræðimenn, á borð við hagfræðinginn Milton Friedman og heimspekinginn Friedrich von Hayek, komu sér því saman árið 1947 og tóku það í sínar hendur að sporna gegn því að miðlæg gildi siðmenningarinnar færu til fjandans. Því var talið að nýfrjálshyggjan væri einhvers konar „mótefni gegn þeim ógnum sem steðja að kapítalískri samfélagsreglu“ (Harvey, 2005, bls. 19). Fræðimennirnir töldu þar með að einstaklingsfrelsið réði því hvort að siðmenning myndi lifa af eftir stríðið og þar með varð hugmyndin um nýfrjálshyggju eins konar leiðarbók að betri tímum. Thorsen hefur einnig bent á að nýfrjálshyggjumenn hafa í raun sett sér það að markmiði að betrumbæta frjálshyggjuna með því að einblína meira á „hægrisinnaðar og *laissez-faire* efnahagslegar reglugerðir“ (Thorsen, 2010, bls. 198). Þá virðist frjálshyggjan ekki hafa verið nógu róttæk. Hins vegar er það ekki svo einfalt, þar sem frjálshyggjan hefur í sjálfu sér ráðið yfir þeim hugsanagangi sem hefur verið hvað mest áberandi í vestrænni pólitík á síðustu sextíu árum. Þetta sést hvað helst á þeirri staðreynd að nánast enginn tekur það að sér að tala gegn „frelsi eða lýðræði“ (Thorsen, 2010, bls. 190). Þar með er nýfrjálshyggjan í raun bara viðbót við áður mótaða hugmyndafræði. Orðið nýfrjálshyggja hefur verið mikið notað í pólitískum og akademískum skilningi síðustu þrjátíu árin og er það kannski ekki skrítið miðað við alla þá þróun sem hefur verið á þeim árum (Thorsen, 2010). Mikil ólga hefur verið í viðskiptum á heimsvísu á síðustu áratugum og lifum við nú á tímum einhverrar mestu hnattvæðingar, neysluhyggju og spillingar sem heimurinn hefur séð til þessa. Orðið ber því með sér hugmyndina um þessa gífurlegu útbreiðslu. Í grein sem franskir félags- og mannfræðingurinn Pierre Bourdieu (1998)

skrifaði í *Le Monde diplomatique* lýsir hann því hvernig nýfrjálshyggjan og hnattvæðingin hafa haft áhrif í nútímasamfélögum. Hann segir hnattvæðingu efnahagsmarkaðarins, með öllum þeim framförum sem hafa orðið í upplýsingatækni, hefur gefið einskonar tryggingu á óhefluðu magni hreyfanlegs fjármagns. Þar með er fjárfestum veittur möguleiki á varanlegum samanburði á arðsemi stærra fyrirtækja og refsað er í samræmi við þann samanburð. Nýfrjálshyggjan er þannig að mörgu leyti vopn þeirra ríku og voldugu sem þeir nota til þess að gera nákvæmlega það sem þeim sýnist hvað svo sem siðferðið segir.

Mannfræðingar eru að öllu jafna áhugasamir um að rannsaka hnattvæðingu og afleiðingar hennar en þeir byrjuðu þó ekki að skoða hana að viti fyrr en upp úr áttunda áratug síðustu aldar (Friedman, 2004). Mannfræðingurinn Jonathan Friedman (2004) hefur til að mynda bent á að „hnattvæðing, sem var tekin inn í mannfræðina frá áður tilbúinni orðræðu í menningarlegri félagsfræði, viðskiptahagfræði, hagrænni vistfræði og [öðrum] menningarfræðum, hafi komið fram á þeim tíma sem fjölmening var vinsæl útskýring á heiminum“ (bls. 232). Hnattvæðingin er því mjög tengd við menningu hvaðanæva úr heiminum og er því mjög við hæfi að mannfræðingar skoði hana gaumgæfilega. Mannfræðingar hafa einmitt tök á því að sjá breytingar á samfélögum þegar þeir hafa dvalist lengi í einu samfélagi við rannsóknir sínar (McGee og Warms, 2008). Eric Wolf hefur bent á að það sé mikilvægt að „mannfræðingar rannsaki samfélög út frá sögulegu samhengi þeirra“ (McGee og Warms, 2008, bls. 581) og skoða því hvaðan hin ýmsu fyrirbæri eru sprottin, til að mynda hnattvæðingin. Wolf (1990) hefur enn fremur fjallað um þann vanda sem fylgir valdi, en það mætti segja að nýfrjálshyggjan og hnattvæðingin séu samspil valds og valdleysis. Hann bendir á að gagnlegt sé að hugsa um vald á fjóra vegu; í fyrsta lagi er það vald sem eins konar „eiginleiki manneskju, sem virkni og geta“; í öðru lagi er það vald sem hægt er að skilja út frá samspili *ego* og *alter* í mannlegum samskiptum; í þriðja lagi er það vald sem „stjórnar þeim vettvangi þar sem geta og samskipti einstaklinga þrífst“; í fjórða og síðasta lagi er það vald sem „ekki einungis þrífst innan vettvangs [...] heldur skipuleggur og stjórnar honum, sem og að stjórna dreifingu og farvegi orkuflæðis“ (bls. 586). Hafa skal þessa þætti í huga þegar rannsakaðir eru valdastrúktúrar í hinum ýmsu samfélögum.

Mannfræðingurinn Arjun Appadurai hefur einnig fjallað mikið um hnattvæðingu í skrifum sínum og hafa þau haft mikil áhrif í þeirri umræðu. Hann hefur lagt ríka áherslu á ýmsa þætti sem eru þriðja heims löndum í óhag af völdum hnattvæðingar og hefur þar á

meðal bent á hversu einhliða efnahagsleg hnattvæðing getur verið¹. Appadurai (2000/2006) hefur þar á meðal beint umfjöllun sinni að hnattrænum hjálparsamtökum og Alþjóðabankanum til þess að gefa aðstæðum í þriðja heims löndum gaum og hefur hann talað um grasrótur hnattvæðingu í þeim skilningi. Grasrótur hnattvæðingu, eða hnattvæðingu neðanfrá, má einmitt skilja út frá hjálparsamtökum sem tengjast ekki stjórnvöldum (e. non-governmental organizations) og er „umhugað að virkja sérstaka staðbundna hópa, hópa á landsvísu, og svæðisbundna hópa um málefni sem snerta hagsmuni þeirra, aðgang [meðal annars að ýmsum auðlindum], réttlæti, og endurdreifingu“ (bls. 630-631). Þrátt fyrir að þessi hjálparsamtök tengist ekki stjórnvöldum beint þá eru þau í mjög nánu og flóknu sambandi við þau. Ennfremur bendir Appadurai á að þessi hjálparsamtök séu „feimnislega hnattræn í áhyggjum sínum og útsjónarsemi, [og þrátt fyrir að enn vanti félagsfræðilega þróun á háttum þeirra þá eru þau] að mestu úrslita- og stofnanaverkfæri sem notuð eru í því skyni að hnattvæða neðanfrá“ (bls. 631). Hnattrænan kapítalisma mætti skilja að nokkru leyti út frá vinnuháttum þessara hjálparsamtaka en það er sem þau ýti undir ójöfnuð, bæði innan samfélaga en einnig á milli samfélaga. Appadurai segir ástæðuna vera að hjálparsamtökin eigi erfitt með að „mæta hinum hnattræna kapítal nákvæmlega í sinni hnattrænu vídd“ (bls. 631). Það má því sjá að þrátt fyrir að lagt sé af stað með góðum ásetningi er eins og hjálparsamtökin nái ekki að sinna vinnu sinni á siðferðislega réttan máta, en taka þarf fram að þetta sé þó ekki alhæfanlegt yfir öll hjálparsamtök.

Tengsl nýfrjálshyggju og hnattvæðingar fela því í sér bæði augljósar tengingar og óljósar tengingar. Wikan (2015) hefur bent á að sumir vilja halda því fram að nýfrjálshyggjan hafi hrint af stað þeirri keðjuverkun sem kom hnattvæðingunni á fót, með sínum frjálsa markaði og frjálsum verslun, en aðrir benda á að best sé að skoða hugtökin óháð hvort öðru. Svo virðist sem að nýfrjálshyggjan sé nú til dags orðin „menningarlega forræðisleg í orðræðuhætti [sínum]“ sem hefur haft áhrif á heilbrigða skynsemi einstaklinga og hvernig þeir skynja heiminn (Wikan, 2015). Hins vegar er hugtakið hnattvæðing heldur flóknara til

¹ Hér er mikilvægt að hafa í huga að um efnahagslega hnattvæðingu sé að ræða, þar sem Appadurai hefur fjallað um hversu fjölbætt hnattvæðing getur verið í ljósi annarra aðstæðna en efnahagslegra.

útskýringa og eru ýmsir fræðimenn ekki á sama máli um hversu auðvelt sé að skýra hvað í hnattvæðingunni felst. Ennfremur er mikilvægt fyrir „sannanagildi hnattvæðingarinnar að ferli þess sé ósvikið“ (Hay, 2006, bls. 3). Hér á Hay við að ekki sé nóg að skoða aðstæður og tengingu á milli einungis tveggja staða, það þarf að vera stærra samhengi og fleiri tengsl til þess að um ósvikna hnattvæðingu sé að ræða.

2.3. Arfleifð Marx

Það er margt í nútímasamfélögum sem hægt er að rekja til hugmynda Karl Marx. Þýska hugmyndafræðin sem bæði Marx og Engels (sjá Marx og Engels, 1848/2004) komu á fót einkennist af því að ráðandi valdhafar láta sína eigin hagsmuni líta út fyrir að vera algilda almannahagsmuni, sem hefur þá auðvitað áhrif á það hvernig hinn óbreytti borgari lítur á sinn eigin heim (Foley, 2009). Hagfræðingurinn Duncan K. Foley (2009) á hér við að kenningar Marx hafi að miklu leyti snúið að því að fletta utan af þeim raunverulegu aðferðum sem kapítalisminn búi yfir. Hann bendir á að Marx hafi litið svo á að í kapítalískum samfélögum sé varan sem framleidd er álitin verslunarvara fremur en nauðsynjavara samfélagsins. Þannig liggur munurinn á kapítalísku samfélagi og sósíalísku samfélagi, eða kommúnista samfélagi, að mati Marx í umráði framleiðsluvara; í kommúnista samfélagi verða „framleiðsluvörur að almannaeygn [...] og er þeim úthlutað í samræmi við reglur og stefnur á félagslegum grundvelli“ (Foley, 2009, bls. 12). Ennfremur eru hugmyndir þeirrar ríkjandi stéttar í kapítalísku samfélagi alltaf þær hugmyndir sem eru ríkjandi í hverju samfélagi fyrir sig og er menningin í raun bara fegruð túlkun á þeim efnahag sem er ríkjandi hverju sinni.

Þrátt fyrir að Engels hafi verið efnaður maður þá var Marx það ekki og lifði hann nær allt sitt líf við sára fátækt, en það gerði hann þó af eigin vilja (Mehring, 2013). Hann eyddi tíma sínum í að koma á fót kerfum og kenningum sem áttu að gagnast hinum skynsama manni, *homo economicus*, en einnig samfélaginu í heild (Sperber, 2014). Fyrir Marx var sú þekking sem einstaklingurinn hefur á sínum eigin félagslega raunveruleika „búin til af mannum og hafði því ekki fótfestu fyrir utan starfsemi mannsins“ (Foley, 2009, bls. 2). Í bók sinni *Das Kapital Vol 1*. talar Marx um framleiðsluhætti samfélaga (e. *modes of production*) sem fyrirbæri sem verður til við framleiðslu og hringrás verslunarvara (Marx, 1973). Þessi

framleiðsla hefur svo sannarlega orðið fyrir stökkbreytingu frá því að Marx byrjaði að móta kenningar sínar. Hann myndaði þó sínar eigin skoðanir um þær breytingar sem fylgdu í kjölfar iðnvæðingarinnar hvað varðar notkun véla í stað mannafls. Þessar breytingar gerðu þó manninn ekki alveg gagnslausan í framleiðslunni, alltaf þurfti á einhvers konar mannafla að halda til þess að fínþússa afrekstur vélanna (Marx, 1967, bls. 265). Það er þó áhugavert að velta fyrir sér hvort Marx hafi óráð fyrir því að tæknivæðing framtíðarinnar myndi verða eins stórkostleg og raun ber vitni, það virðist sem að nútímamaðurinn með alla sína þekkingu standi sjálfur í ströngu við að átta sig á þeim, en meira um það síðar.

Áhrif marxismans ná mjög langt í nútímasamfélögum og eru áhrif hans umdeild þar sem þau hafa haft bæði góðar og slæmar afleiðingar. Jákvæðu áhrifin hafa annars vegar verið innblástur að mörgum verka- og jafnaðarmanna hreyfingum í Evrópu og er í raun óhætt að segja að fáir fræðimenn hafi náð að skilja eftir sig jafn sterka og byltingarkennda arfleifð og Marx. Hann setti ekki einungis upp með að „túlka heiminn heldur einnig að breyta honum“ (Hobsbawm, 2011, bls. 344). Hins vegar birtast neikvæðar afleiðingar til að mynda í þeirri kúgun sem fylgdi einsflokkskerfinu í Sovétríkjunum (sjá Brubaker, 1994). Marxisminn á upptök sín á erfiðum og áhrifamiklum tímum í sögu Evrópu á nítjándu öldinni, þar sem England, Frakkland og Þýskaland voru að reyna að komast nær heimsyfirráðum á meðan að hinir óbreyttu borgarar þessara landa lifðu í algjörrri eynd heima fyrir (Plattner, 1989). Marxisminn birtist því sem ákveðið mótsvar við þessari ójafnaðarþróun og hefur hann því ávallt haft mjög byltingarkenndan blæ yfir sér. Þeir sem aðhyllast hann hafa löngum viljað betrubæta heiminn og hafði Marx sjálfur þá skoðun að þekkingarframleiðsla væri ekki möguleg án virkrar íhlutunar í heiminum (Hobsbawm, 2011; Foley, 2009). Sú helgun Marx að breyta heiminum hefur svo sannarlega skilað sér til fræðimanna nútímans og er sem marxismi hafi verið endurlífgaður, en það sést í mörgum birtingarmyndum (sjá skrif David Harvey 2012, 2014 og 2016). Ítalski fræðimaðurinn Antonio Gramsci notaði kenningar Marx sem innblástur fyrir sínum eigin kenningum og má segja að hann hafi þróað kenningar Marx áfram. Gramsci var sjálfur marxískur fræðimaður og pólitískur aktivisti sem var handtekinn af fasískri stjórn Mussolini. Í fangelsinu þróaði hann marxískar hugmyndir sínar og er hvað mest

þekktur fyrir kenningar sínar um menningarlegt forræði (Barnard og Spencer, 2002). Menningarlegt forræði tengist hugmyndum hins klassíska marxisma á þann hátt að hugmyndafræðin þar að baki snýst um falska meðvitund². Menningarlegt forræði, eða hegemonía, er því einmitt góð skýring á því sem gerist í kapítalísku samfélagi; hinn óbreytti borgari fer að sýna stuðning við hugmyndir þeirra einstaklinga sem eru við völd (Gramsci, 1971; Wilk og Cliggett, 2007).


Mannfræðingurinn Bridget O’Laughlin (1975) hefur fjallað um þær marxísku nálganir sem birtast gjarnan í mannfræðinni. Hún hefur til að mynda bent á að út frá þeim grundvallarhugmyndum sem marxískir fræðimenn hafa á samfélög, það er að samfélög séu byggð upp af „yfirbyggingu (e. *superstructure*) og hagfræði grunnar (e. *economic base*) sem í sjálfu sér er flókin framsögn af meira en einum framleiðsluhætti“ (bls. 350), er hægt að ákvarða tvær meginreglur. Í fyrsta lagi, þegar verið er að framkvæma hinar ýmsu rannsóknir á einhvers konar „stofnun, til að mynda á skyldleikanum, fjölskyldunni og ríkinu, þá þarf fyrst og fremst að skoða samböndin sem skilgreina [stofnunina] og að tengja þau á kerfisbundin hátt við grunninn“ (bls. 350). Í öðru lagi, „greiningin á félagsmótun í heild sinni er forsenda fyrir skilningi; [þáverandi] klofnun félagsvísindanna í einangraðar greinar [eða deildir] er andvísindalegt“ (bls. 350). Þetta kann allt saman að þykja mjög flóknar upplýsingar en staðreyndin er sú að samfélög eru flókin fyrirbæri sem oftast er erfitt að skilgreina og því hafa hinir ýmsu fræðimenn varpað fram misflóknum kerfum sem notast skal við til þess að skilja hvernig samfélögin virka. Mannfræðingar eru þar engin undantekning.

Það sem er einkum afar áhugavert í hugmyndum Marx er að hann spáði því að aukið upplýsingaflæði myndi verða banamein kapítalismans, þar sem verkafólk myndi öðlast meiri og dýpri þekkingu (Marx, 1973). Hvort sem að Marx hafi haft rétt fyrir sér eður ei, þá sjáum við ýmsan vísni að endalokum kapítalismans í nútímanum. En eru þessar breytingar til hins góða? Erum við á stöðugri siglingu í átt að hinum sanna sósíalisma sem Marx talaði um? Næstu tveir hlutar þessarar ritgerðar munu varpa frekara ljósi á þessar spurningar.

² Fölsk meðvitund segir í raun til um þær aðstæður sem skapast í kapítalísku samfélag, þar sem ríkjandi hugmyndir eru oftast ekki fegraðar og gengur almenningur því út frá ósannri birtingarmynd.

3. Birtingarmyndir póstkapítalisma í nútímanum

3.1. Tæknivæðing og upplýsingaflæði



(Hér sést hvernig tæknivæðingin er tekin inn í þróun mannsins)³

Á síðustu áratugum hefur mjög margt breyst hvað tækninýjungar varðar, svo margt að það er vart hægt að átta sig á breytingunum. Hið daglega líf mannsins er vægast sagt orðið háð tækninni og þarf orðið að hafa virkilega fyrir því að slíta sig frá henni. Frá og með 1990 hafa netfyrirtæki á borð við Google, Wikipedia, Myspace, Facebook, Youtube og Twitter haft mikið að gera með að þróa samskiptatæknina í netheiminum og þar með samskiptahæfni einstaklinga (Van Djick, 2013). Út frá þessum vefmiðlum hafa til að mynda skapast sagnorð sem segja til um hvers konar samskiptaathöfn er að eiga sér stað, þar á meðal googlar fólk að upplýsingum, tístir um allskonar atburði á Twitter og skæpar við vini og fjölskyldu á Skype

³ Mynd eftir Joe Magee sem birtist í greininni *The End of Capitalism has Begun* 17.júlí 2015. Sótt af <http://www.theguardian.com/books/2015/jul/17/postcapitalism-end-of-capitalism-begun>

(Van Djick, 2013). Þetta gefur okkur ágæta sýn á áhrifamátt tæknivæðingarinnar, hvort sem um ræðir í nútímalegum skilningi með netheimana eða hinna ýmsu tæknivæðinga sem urðu í fjöldaframleiðslu fyrirtækja á ýmsum vörum.

Tæknin er öflugt verkfæri en það er margt sem verður heldur flókið þegar reynt er að átta sig á hvar mörk tækninnar liggja og virðast tækifærin sem tækninýjungum fylgja endalaus. Til að mynda hefur James H. Snider (1996) bent á að upplýsingatæknin hefur haft gífurleg áhrif á menntun einstaklinga og ræðir hann breytingarnar sem fylgdu tæknivæðingu níunda áratugar síðustu aldar. Til að mynda bendir hann á nokkrar hagfræðilegar stefnur sem fylgdu nýjungunum í menntamállum; „áherslan færðist frá staðbundnu [svæði] til þjóðarsvæðis [...] frá lítilli framleiðslu til stórrar framleiðslu [...] frá litlu matskerfi til stórs matskerfis [og] frá einokun til samkeppni“ (bls. 24-25). Með þessum tækninýjungum var því áherslum í menntakerfinu gjörbreytt og eru áherslurnar sífellt að þróast með öðrum tækninýjungum. Það helsta sem stendur upp úr í öllum þessum nýjungum er flæði upplýsinga, sem virðist nú til dags gjörsamlega óheft. Fræðimenn hafa því velt fyrir sér hvort að öflun upplýsinga sé hreinlega þörf á upplýsingaöld, þar sem hægt er að notast við tæknina á mjög auðveldan hátt. Barzilai og Zohar (2007) hafa til að mynda gert rannsókn til að kanna hvernig fólk ber sig að við að afla upplýsinga. Rannsóknin snéri að því að skoða hvernig rannsóknarsérfræðingar stunda rannsóknir sínar og komust þær að því að um 75% þótti notkun tölva við upplýsingaöflun og rannsóknarvinnuna almennt vera ómissandi. Ennfremur segja þær að það ætti að búa nemendur undir að gegna sjálfstæðu og ábyrgu hlutverki í upplýsingarsamfélagi. Margir kennarar hafa bent á að það ætti að vera helsta markmið menntakerfisins. Slíku markmiði „verður einungis náð ef að nemendur öðlast þá mikilvægu færni sem fylgir því að spjara sig á gagnrýninn og áhrifaríkan hátt“ (bls. 36) í þeim heimi þar sem upplýsingarnar eru gífurlegar. Það er þó staðreynd að með upplýsingatækninni hefur almenningur hvar sem er í heiminum fengið tækifæri á að fræðast um allt milli himins og jarðar.

Tækninýjungar hafa einnig leitt af sér nýja birtingarmynd af vinnuafli, nefnilega hið stafræna vinnuafli. Fuchs og Sevignani (2013) hafa bent á að stafrænt vinnuafli sé „hugtak sem hefur orðið ómissandi grunnur í umræðum innan hins pólitíska efnahagsvettvangs internetsins“ (bls. 237). Þeir bæta einnig við að í umræðunni sem hefur fylgt hinu stafræna vinnuafli hafi kenning Marx um vinnuafli skipt sköpum, bæði í beitingu og þróun. Að sama

skapi hefur Ursula Huws (2014) einnig bent á að þessi umræða, eða öllu heldur rökræða, sem hefur fylgt stafrænu vinnuafli sé full af orku og séu menn ekki á einu máli hvað það varðar. Hún segir að rökræðan hafi

„snert á þeim sívaxandi óljósu mörkum sem eru á milli vinnu og tómstunda [...] og á milli framleiðslu og neyslu [en einnig] hvort að [ókeypis vinna], sé hún borguð eða ekki, geti verið álitin skapa tekjuafganga og hvort að slíkt sé hagnýtt eða firrt“ (Huws, 2014, bls. 2177 í Kindle-útgáfu).

Það er því margt sem þarf að huga að þegar reynt er að skýra hversu góð þróun fylgir hinu stafræna vinnuafli en það er eflaust efni í aðra ritgerð. Hins vegar er póstkapítalisminn einmitt talinn vera kominn til vegna tækninýjunga og nátengdur óheftu upplýsingaflæði. Lítum nú nánar á hvað hugtakið póstkapítalismi felur í sér.

3.2. Hvað er póstkapítalismi?

Til þess að útskýra hvað póstkapítalismi sé er mikilvægt að átta sig fyrst á því sem er almennt að gerast í nútímasamfélagi. Í stuttu máli væri hægt að segja að við stöndum á eins konar tímamótum, þar sem núverandi efnahagskerfi, kapítalisminn, nær ekki að halda við breytingarnar sem eru að eiga sér stað og nýrra áherslna er þörf. Þess vegna hafa margir bent á að póstkapítalismi sé hægt og rólega að líta dagsins ljós, en hvað felur það hugtak í sér? Póstkapítalismi er óhlutstætt fyrirbæri og er erfitt að festa á blað hreina og tæra skilgreiningu á því. Til þess að byrja að átta sig á því er ágætt að skoða þrjár aðstæður til þess að útskýra það betur. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að líta á umbreytingu lénskipulags yfir í kapítalískt efnahagskerfi. Í öðru lagi er gott að skoða deiliahagkerfi (e. *shared economy*). Í þriðja og síðasta lagi þarf að skoða þær aðstæður sem myndast við gnægð hluta á móti skorti á hlutum.

Þær aðstæður sem urðu við umbreytinguna frá lénskipulagi yfir í kapítalískt efnahagskerfi sýna að slík breyting gerist hægt og að erfitt sé að staðsetja breytingarnar nákvæmlega á meðan að hún á sér stað. Það má segja að slíkt hið sama er að eiga sér stað nú í dag, með umbreytingunni frá kapítalísku efnahagskerfi yfir í hið póstkapítalíska. Það er því eflaust ekki skrítið að erfitt sé að átta sig á hvað póstkapítalisminn felur í sér í raun og veru.

Hægt er að skilja deiliahagkerfi út frá ýmsum þáttum sem eru svo sannarlega sýnilegir í nútímasamfélögum. Til að mynda eru fyrirtæki á borð við Airbnb, Bitcoin, Uber og hin ýmsu fyrirtæki sem standa að hóp fjármögnun verkefna, þar á meðal Karolina fund. Smith (2016) hefur til dæmis bent á að tvenndarparið „persónuleg þjónusta og tækni“ (bls. 383) sé framtíðin. Hann segir að með slíkum áherslum sé verið að búa til efnahag sem hefur allt milli himins og jarðar og sé reiðubúið á hverri stundu, þar sem almenningur mun sjá um þá þjónustu að eigin frumkvæði. Þannig gætu fyrirtæki á borð við Uber og Airbnb ekki þrífist ef ekki væri fyrir persónulega þjónustu. Ef litið er nánar á það sem Uber felur í sér má sjá að margt er enn í mótun hvað reglugerðir varðar. Posen (2015) hefur meðal annars fjallað um að reglugerðir á deilifyrirtæki⁴ líkt og Uber snúi ekki einungis að því að reglugera þjónustuna, heldur einnig að reglugera ferlið í sjálfu sér en þar vandast málin. Hún bendir á að „nýsköpun og reglugerð fari einfaldlega ekki saman“ (bls. 424). Það er því enn langt í land til þess að rétta af slík fyrirtæki þar sem þau eru enn að þróast innan þess samfélags sem þau urðu til í og ætluðu að breyta. Henten og Windekilde (2016) hafa fjallað um ríkjandi efasemdir og áhyggjur stjórnvalda á fyrirtækjum á borð við Uber og Airbnb, en slíkar áhyggjur snerta „sanngjarna samkeppni, réttindi starfsmanna og neytendavernd“ (bls. 4).

Ef litið er á aðstæður sem hafa skapast vegna Airbnb á Íslandi er ekki erfitt að átta sig á að þróun slíkra fyrirtækja hefur valdið vandamálum í því hagkerfi sem að mestu er notast við og er þarft fyrir áframhaldandi þróun að spyrja spurninga á borð við: Hvað þarf að breytast? Þarf að setja deilifyrirtækin inn í núverandi staðla, varðandi reglugerðir? Eða þarf kannski að breyta öllu kerfinu í heild sinni? Munger (2016) segir einnig að það sem gerir deiliahagkerfið mögulegt sé að einstaklingar eru háðir hvor öðrum, en slík þróun byrjaði við undankomnar byltingar líkt og umbreytinguna frá lénskipulagskerfi yfir í kapítalískt kerfi. Svo virðist sem að næsta bylting feli í sér þróun í átt að deilingu hluteigna, líkt og það sem Airbnb og Uber standa fyrir. Munger bendir þó á að slík þróun sé í senn góð og slæm; þar sem þróunin er farin í átt að deilingu hluta þá er þörfin á framleiðslu nýrra hluta ekki eins þörf og var áður, en það gerir núverandi efnahagskerfi úrelt. Þær aðstæður sem skapast þegar

⁴ Hér á höfundur við þau fyrirtæki sem taka þátt í deiliahagkerfinu (e. the sharing economy).

gnægð hluta, og þá sérstaklega upplýsinga, er að finna eru afar áhugaverðar. Hamm (2014) segir að það hugarfar sem skapast við gnægð sé mun opnara en það sem gengur og gerist við skort. Gnægð kemur á fót „hlutdeild virðingar, viðurkenningar, hagnaðar [og] ákvarðanatöku“ (Hamm, 2014). Þannig hefur til að mynda gnægð upplýsinga gert mönnum kleift að athafnast svolítið að vild og hefur það komið á fót alls konar möguleikum fyrir nútímasamfélög. Það þarf að hafa í huga að þessi nýju birtingarform efnahagsins, þar sem einstaklingar eru að taka völdin frá miðstýrðu kerfi, eru þó ekki enn nógu vel þróuð. Það sést til að mynda í þeim aðstæðum sem Airbnb íbúðir hafa skapað á íslenskum leigumarkaði sem og þeim aðstæðum sem bílstjórar Uber búa við, en þeir fá ekki mikil laun að jafnaði og þurfa sjálfir að kosta bensín, keyra sínum einkabíl og borga tryggingar og viðgerðir á honum. Breytingarnar eru svo sannarlega að eiga sér stað en þær gerast hægt líkt og sjá mátti í umbreytingunum frá lénsveldinu yfir í kapítalismann.

Það er svo sannarlega fjölmargt sem hefur breyst á síðustu áratugum og mjög mikil ólga virðist vera í efnahagskerfum á heimsvísu. Til að mynda stöðugar bólur og gengisfellingar. En hvað þýðir þetta fyrir hinn almenna borgara? Líkt og sagt var frá í kaflanum hér á undan er gífurlegt upplýsingaflæði með hjálp stöðugrar tæknivæðingar orðið daglegt brauð, en það virðist sem að þróun efnahagsins hafi ekki náð að halda við slíka þróun. Þess vegna stöndum við enn í kapphlaupi við að halda við tækninýjungar á meðan að haldið er í gamla hugmyndafræði um efnahaginn. Margir fræðimenn eru einmitt farnir að huga betur að hugtakinu póstkapítalismi og hefur verið fjallað um það á ýmsa vegu. Til að mynda hefur Gibson-Graham (2006b) lýst því sem hjálpertæki við að koma á fót jafnrétti og fjallar um það í femínísku samhengi. Hugtakinu hefur einnig verið lýst sem andsvari við því sem kapítalisminn hefur haldið fram (Gibson-Graham, 2006a) og kemur því til með að rétta samfélög af í því valdaójafnvægi sem ríkir í nútímasamfélögum. Hugtakið virðist þó enn vera í mótun og erum við í raun að lifa þá tíma þar sem æ skýrari mynd af því er að verða til.

Í bók sinni *Postcapitalism: A Guide to Our Future* varpar hagfræði blaðamaðurinn Paul Mason (2015) ljósi á þær breytingar sem eru að eiga sér stað í efnahagskerfi vestrænna ríkja og talar hann um að nýjar áherslur á efnahaginn séu að koma í ljós. Hann dregur ályktanir sínar frá hugmyndum fræðamanna á borð við Rosu Luxemburg og Joseph Alois Schumpeter, og einnig Karl Marx. Mason bendir á þær bylgjur sem hafa orðið í gegnum tíðina í iðnvæddum hagkerfum og segir þessar bylgjur yfirleitt enda á kreppum. Síðasta bylgjan náði

frá 1948 til 2008 og er mjög fersk í minni margra hvernig sú bylgja endaði, en hann segir að „hver bylgja, sem byggist upp af þeirri næstu, skapar nýja útgáfu af sama mynstri [sem einkenndi fyrri bylgjur]“ (bls. 72). Lífshlaupi bylgju er lýst í eftirfarandi sex skrefum: Skref 1. Upphaf bylgju má rekja til „uppbyggingar fjármagns í fjármálakerfinu“ (bls. 72). Slíkt leiðir til þess að markaðurinn tekur við sér og nýrrar tækni er leitað. Þessi ólga leiðir af sér „stríð og byltingar, sem á einhverjum tímamarki leiðir til stöðugleika á heimsmarkaði“ (bls. 72). Skref 2. Þegar þessum stöðugleika hefur verið náð byrjar „fjármagn[ið] að flæða inn í framleiðslugeirann“ (bls. 72) en það veldur gífurlegum hagnaði með litlum efnahagslegum lægðum og er því gjarnan talað um gullöld. Hagnaðurinn er það mikill að honum er dreift niður á við og skapast því tilfinning um jafnrétti. Skref 3. Í gegnum allt ferlið er komið vélarafli í stað handafls, en mótvægið er það mikið að auðvelt er að finna nýjan stað fyrir handaflíð á öðru sviði. Hagnaðurinn er enn til staðar. Skref 4. „Þegar það fer að draga úr gullöldinni, er það yfirleitt vegna þess að sæluvíma hefur leitt af sér of mikla fjárfestingu innan geirans, eða verðbólgu, eða að ofdrambað stríð hafi leitt til ríkjandi valda“ (bls. 73). Í kjölfarið fylgir yfirleitt vendipunktur þar sem mikil óvissa ríkir. Skref 5. Því næst fylgir svokallað aðlögunarferli, þar sem bæði laun eru lækkuð og minni reynslu er þörf á vinnumarkaðnum. Mikil pressa er sett á heilbrigðiskerfi og litlar ráðstafanir gerðar til ýmissa samfélagskerfa, sem og að stjórnvöld fara að braska til að öðlast hraðari breytingar. „Efnahagsleg lægð verður algengari“ (bls. 73). Skref 6. Þegar hér er komið sögu byrjar fjármagnið að „hörfa frá framleiðslugeiranum til fjármálageirans, til þess að tekist er á við yfirvofandi kreppur á augljósari máta“ (bls. 73). Kreppa skellur á og tilheyrandi afleiðingar hennar fylgja, svo sem verðlagsfellingar og óstöðugleiki á hnattrænum mælikvarða. Eins og fram kom hér á undan eru þessi einkenni einróma yfir þær bylgjur sem gengið hafa yfir mannkynið frá upphafi kapítalismans. Það sést því að mannkynið virðist lítið læra af fyrri óförum og er fast í einhverjum vítahring. Þeir sem aðhyllast hugmyndina um póstkapítalismann vilja meina að hann muni brjóta upp þetta endalaus hringferli, en líkt og kom fram í byrjun þessa kafla verður sú breyting hæð ef marka má fyrri efnahagsumbreytingar.

Mason segir enn fremur að það sem geri póstkapítalismann mögulegan séu í raun þrjú mikilvægir þættir sem upplýsingatæknin hefur fært okkur á síðustu tuttugu og fimm árum, líkt og kom fram áður þá trúði Marx því að með auknu flæði upplýsinga myndi kapítalisminn ekki þrífast og er póstkapítalisminn því að ryðja sér til rúms (Mason, 2015).

Upplýsingatæknin hefur í raun minnkað þörfina á hinni hefðbundnu vinnu, gert muninn á milli vinnu og frítíma óljósari og gert sambandið á milli vinnu og launa lauslegri. Upplýsingaflæðið er því farið að hafa áhrif á rétta verðlagningu hluta og skekkir hana, þar sem að markaðurinn er byggður á skorti en upplýsingarnar er hins vegar byggðar á gnægð (Mason, 2015). Að lokum hefur frjálst aðgengi að upplýsingum, til að mynda í gegnum sjálfboðaliðastarfsemina Wikipedia, orðið þess valdandi að annars konar starfsemi alfræðirita og jafnvel auglýsingabransinn verður fyrir miklu tapi á ári hverju (Mason, 2015). Það sést því að nýir efnahagshættir eru farnir að láta á sér kræla. Þetta er allt til marks um að tímarnir eru farnir að breytast og við verðum að breyta okkar háttum í samræmi við það; æ fleiri einstaklingar þurfa ekki að mæta á ákveðinn stað til að sinna vinnu sinni og er vinnumarkaðurinn því farinn að ná inn á hin ýmsu svæði, bæði einka og almennings⁵.

⁵ Með þessari aukningu á að fólk starfi frá sínu einkasvæði er verið að brúa bilið á milli þess óopinbera og þess opinbera, hið opinbera verandi almenningsvæðin.

4. Hvert er heimurinn að stefna?

4.1. Hvað hafa nýfrjálshyggja og hnattvæðing leitt af sér?

Nýfrjálshyggja hefur svo sannarlega sett svip sinn á nútímasamfélög heimsins í dag, bæði þau iðnvæddu og svokölluð þróunarlönd. Margir vilja meina að nýfrjálshyggjan hafi leitt af sér mjög slæmar afleiðingar hvað persónuleika einstaklinga varðar og ganga jafnvel svo langt að segja að nýfrjálshyggjan hafi gert einstaklinga siðblinda, sem stangast á við siðferði þeirra. Til dæmis hafa nokkrir blaðamenn fjallað um það siðleysi sem hefur orðið hálfgerður fylgifiskur nýfrjálshyggjunnar, þar á meðal Paul Verhaeghe (2014) blaðamaður hjá *The Guardian*. Hann hefur bent á að vegna nýfrjálshyggjunnar séu einstaklingar farnir að breytast í ákveðna persónuleika sem hjálpa til við að haldast í ákveðnum starfsferli. Einstaklingar þurfa ýmist að vera fullir af sjálfum sér og sínum eiginleikum, vera klókir við það að ljúga og þar með taka þeir enga ábyrgð á gjörðum sínum. Sú staðreynd að einstaklingar sem stjórna ýmsum stórfyrirtækjum séu orðnir hálf siðlausir, eða að minnsta kosti siðblindir, birtist í mörgum atburðum sem hafa átt sér stað á síðasta áratug. Til að mynda má nefna nýjustu bankakreppur í hinum vestræna heimi, vatnskrisur í þróunarlöndum og borgarastríð í Sýrlandi (sjá Mason, 2015), en svona mætti lengi áfram telja. En hvers vegna eru þessir atburðir nýfrjálshyggjuni „að kenna“? Það eru ýmsir þættir sem koma til greina við slíka fullyrðingu en líkt og kom fram í kafla 2.1. hér á undan þá virðist sem að siðferði einstaklinga tapist þegar kapítalisminn á í hlut og það sama virðist gilda um nýfrjálshyggjuna. En það er þó ekki réttlátt að halda því fram að nýfrjálshyggjan sé ein að verki í þeim málum. Málið er mun flóknara en það og margir þættir sem þarf að taka til greina.

Á síðustu árum hafa geisað borgarastríð í Sýrlandi⁶ sem valdið hafa miklum eyðileggingum og hreint út sagt hræðilegum afleiðingum fyrir borgarana. Átökin hófust í

⁶ Höfundur ákvað að taka einungis Sýrland sem dæmi máli sínu til stuðnings, þó svo að fleiri borgarastríð hafi geisað í heiminum á síðustu árum, t.a.m. í Úkraínu, Sómalíu og Suður-Súdan.

mars árið 2011 og hafa þau reynt verulega á mannréttindi borgaranna (Margesson og Chesser, 2014; Güçtürk, 2015). Það má segja að áhrif nýfrjálsrar hnattvæðingar tengist þeim átökum sem hafa geisað í Mið austurlöndum frá því að arabíska vorið⁷ átti sér stað. Jethro Norman (2014) bendir á að mörgum fræðimönnum hafi yfirsétt þá hnattrænu vídd sem arabíska vorið bjó yfir og að það hafi í raun rætur sínar í formgerðinni (e. *structural roots*) í þeim hnattrænu umbreytingum sem hafa fylgt síðustu þremur áratugum. Hann bendir á að hægt sé að túlka byltinguna sem arabíska vorið bjó yfir sem „eina hlið af breiðari hreyfingu þvert á landamæri sem beindist gegn nýfrjálsri hnattvæðingu“ (Norman, 2014). Frá því um 1990 hefur heimsvæðing nýfrjálshyggjunnar sett svip sinn á heimsmarkaðinn með auknu frjálsræði og hefur það leitt af sér mikið hnattrænt ranglæti. Svo virðist sem að ákveðið forræði fylgi nýfrjálshyggjunni og lýsir það sér í því að allir vilja taka þátt í hagnaðinum sem fylgir henni, þrátt fyrir að einungis lítil prósentu fái að sjá slíkan hagnað. Upphaf frjálshyggjunnar í Arabaheimi hófst uppúr 1970 í löndum á borð við Egyptaland, Túnis og Sýrland og rekja má félagshagfræðilegu kreppuna sem leiddi af sér byltinguna árið 2011 til hennar. Félagshagfræðilega kreppan „sem hófst upp úr þessu samhengi [var] marghliða og flókin [og endurspeglaði] sívaxandi hagfræðilegt óöryggi í lífi araba“ (Norman, 2014). Slíkt óöryggi einkennist yfirleitt af „versnandi atvinnuöryggi, aukningu í atvinnuleysi, og almennum félagslegum óstöðugleika“ (Norman, 2014), en slíkt gerist þegar hagnaður er tekinn frá framleiðslugeiranum, líkt og kom fram hér á undan. Þetta hafði gífurleg áhrif á miðstéttina í Arabaheimi enda var sá hópur meginstoð byltingarinnar.

Þrátt fyrir að tengja megi borgarastríðið við nýfrjálshyggju og hnattvæðingu, þá er vert að nefna að áhrif nýlendustefnu heimsveldanna sjást í því bakslagi sem er að gerast meðal yngri kynslóða múslímskra innflytjenda í Evrópu. Ungu fólkinn er hálf rótlaust, það hefur hvorki tengingu við það sem kalla mætti föðurlandið, né tengingu við heimaland sitt sem foreldrar þeirra fluttust til. Þannig lenda þessir einstaklingar á skjön við samfélagið og ná ekki að samlagast og tilheyra hvorugum staðnum. Þetta sést til að mynda vel í Frakklandi

⁷ Arabíska vorið er heiti yfir byltingarkennda bylgju sem reið yfir Arabaheiminn vorið 2011. Það náði yfir Egyptaland, Líbíu, Sýrland, Jemen, Barein, Sádi-Arabíu og Jórdaníu og hefur skilið eftir sig umtalsverðar afleiðingar.

þegar skoðaðir eru afkomendur múslímskra innflytjenda (sjá Adida, Laitin, og Valfort, 2014). Þessir einstaklingar eru einmitt þeir einstaklingar sem hryðjuverkasamtök á borð við Deash, öðru nafni Íslamska ríkið, ná að laða til sín. Innan hryðjuverkasamtakanna ná þeir að samlagast öðrum sem hafa upplifað sömu aðstæður heiman frá og hafa því loks tilgang í lífinu að þeim finnst (Trofimov, 2015).

Vatnsstríðin sem hafa átt sér stað til að mynda í Bólivíu og Ekvador, eru bein afleiðing þeirra vinnuhátta sem fylgdu nýfrjálshyggjunni og má segja að hnattvæðingin hafi boðið risafyrirtækjum, á borð við Nestlé, upp á tækifæri til að athafnast heimsálfa á milli. Fyrirverandi forstjóri Nestlé, Peter Brabeck-Letmathe, endurspeglar einmitt það siðferðisleysi sem fylgir þeim völdum nýfrjálshyggjunnar. Hann hefur til að mynda kastað fram þeirri fullyrðingu opinberlega að óheftur aðgangur að vatni teljist ekki til mannréttinda (Schnell, Drowing og Hunziker, 2012). Frumbyggjar hálendis Ekvador hafa þurft að grípa til örprifaráða við að berjast gegn einkavæðingu á landinu þeirra, einna helst á vatnsbólum, sem ríkið hefur selt risafyrirtækjum. Í september árið 2009 urðu hörð mótmæli gegn nýjum áformum um vatnslög í landinu og náðu frumbyggjarnir á endanum að hafa áhrif á stjórnendur og var lögnum ekki fleytt áfram (Armijos, 2013). Í Bólivíu hefur einnig mikið gengið á í baráttu frumbyggja gegn einkavæðingu landsvæða og hafa takmarkanir á pólitískum aðgerðum fyrir frumbyggjana verið þess valdandi. En vegna ýmissa mótmælaaðgerða sem frumbyggjarnir hafa staðið fyrir hafa þeir nú fengið meira vægi á pólitískum grundvelli (Brysk og Bennett, 2012). Eins og dæmin hér að ofan sýna þá er það sem er að í þessum tilfellum að ríkisstjórnir eru að reyna að hagnast á landssvæðum með því að selja þau til einkafyrirtækja víðsvegar um heim. Nýfrjálshnattvæðing hefur gert slíkum einkafyrirtækjum kleift að athafnast á slíkan hátt. Það eru yfirleitt fá lög sem innfæddir geta gripið til sér til hjálpar og úr verða oft blóðug átök á milli frumbyggja og ríkisins, eins og dæmin hér að ofan sína.

Það sést einnig vel á Íslandi hvernig hagræna nýfrjálshyggjan hefur haft áhrif á líf fólks í kjölfar bankakrísunnar; hægt er að fullyrða að kreppan sé einmitt bein afleiðing þessarar efnahagslegu stefnu. Til að mynda sést það vel í þeim vinnuháttum sem viðgengust innan íslensku bankanna eins og heimspekingurinn Vilhjálmur Árnason (2015) skýrir frá í kafla sínum í bókinni *Gambling dept: Iceland's rise and fall in the global economy*. Hann talar um að til þess að skilja betur þá krafta sem voru að verki í hruninu, hvað ímynd íslensks samfélags varðar og skort á mótstöðu gegn þáttum sem hefðu ef til vill átt að hringja

viðvörunarbjöllum, er ágætt að líta til kenningar Foucault um „lárétt vald“ (bls. 48). Lárétt vald skilgreinir sig helst í því að einstaklingshyggja er álitin ófullnægjandi, hún hefur ekki nógu góð tækni á að takast á við flókin félagsleg fyrirbæri og er því með hafnað (Deacon, 2002; Vilhjálmur Árnason, 2015). Vilhjálmur heldur því þar með fram að það sé fremur mikil einföldun í því að kenna einungis hinum gráðugu bankamönnum um hvernig fór fyrir íslensku þjóðinni og að það sé í raun ekki nema hálfur sannleikurinn. Það hefði í raun átt að vera mun meiri mótstaða frá hinum ýmsu aðilum í þjóðfélaginu, til að mynda frá „fagmönnum, pólitíkusum, fjölmiðlamönnum, sérfræðingum (t.d. úr háskólunum) og almenningi“ (Vilhjálmur Árnason, 2015, bls. 49) og er því mikilvægt að skoða málið út frá mörgum hliðum úr samfélaginu.

Beinar eða óbeinar afleiðingar nýfrjálshyggjunnar og hnattvæðingarinnar er greinilega að finna í fjölmörgum birtingarmyndum hvarvetna í heiminum og væri í raun hægt að skrifa heila ritgerð um það viðfangsefni eitt og sér. Upptalningin hér að ofan gefur þó ágætan smjörþef af því hversu slæmar þessar afleiðingar geta verið í mismunandi samfélögum. Það sem hefur gert nýfrjálshyggjuni og sérstaklega hnattvæðingunni hvað mest kleift að þrífast hratt og örugglega á síðustu áratugum eru tvímælalaust hinar hröðu tækninýjungar og hið óhefta upplýsingaflæði sem hefur fylgt í kjölfarið.

5. Umræða og niðurstöður

Það virðist vera margt í nútímasamfélögum sem bendir til þess að hin félagslega mannvera sé farin að staðna í þróun sinni og virðist vera að sagan sé endalaust að endurtaka sig. Kapítalismi sem hugmynd var í sjálfu sér ágætis hugmynd í upphafi; hann átti að gefa einstaklingnum frjálsar hendur um að gerast sinn eigin gæfusmiður og að skapa sinn eigin farveg. Því miður er græðgi ein af þeim syndum sem mun ávallt fylgja mannum og hana vantaði svo sannarlega ekki í upprisu kapítalismans. Nú til dags eru afleiðingar græðginnar mjög sjáanlegar og sjást þær sérstaklega vel í afleiðingum nýfrjálsbyggjunnar og samspili hennar við hnattvæðinguna. Ein helsta ástæðan fyrir því að kerfið hefur gengið upp svo lengi er vegna þess að bæði millistéttin og almúginn lifa eftir þeim draumum og væntingum um að verða einn daginn hluti af eitt prósent hópnum sem býr á toppnum, svo einfalt er það. Þetta er hvað mest áberandi í Bandaríkjunum, þar sem stéttirnar eru í stöðugu kapphlaupi um að komast á toppinn. Kapítalisminn býr einmitt til þetta valdaójafnvægi sem fyrirfinnst í nútímasamfélögum og eru margir á þeirri skoðun að nú sé tími til kominn að koma á fót róttækum breytingum. Að mati margra fræðimanna er póstkapítalismi í raun það sem framtíðin býr í skauti sér og er hann eins konar leið til þess að aðlaðast nýjum tæknivæðingum á skilvirkari hátt en hefur verið gert hingað til. Það mætti segja að við höfum ekki verið að nýta tæknina á réttan hátt og alls ekki á uppbyggilegan máta, en það er einmitt það sem póstkapítalisminn vill breyta. En er póstkapítalisminn þá virkilega einhver lausn á vandamálum heimsins í dag? Það er eflaust eigin ein lausn til á vandamálum heimsins í dag þar sem þau eru eins margþætt og þau er mörg, en líkt og Paul Mason hefur bent á þá gæti róttæk breyting efnahagsins hrint af stað bylgju af lausnum. Öllu jafna er ekki auðvelt að segja nákvæmlega til um hvað það er sem er að gerast í kringum mann fyrr en það er afstaðið og er það engin undantekning hvað nútímann varðar. Það þarf þó hins vegar að vera athugull á það sem er að gerast hverju sinni og þurfum við að reyna hvað best við getum að sjá hvort að stefnt sé í ógöngur. Með þetta að leiðarljósi virðist vera að við sem mannkyn séum hálfpartinn föst í einhverjum vítahring í nútímanum. Margir hafa annan fótinn í einhverjum sæborgar heimi sem er oftár en ekki lítið afkastalegur og eru því einstaklingar mikið að eyða tíma sínum og hugarafli, sem gæti verið nýtt til uppbyggilegri þátta, í

nákvæmlega ekki neitt. Þetta sýnir að manneskjan er ekki að nota tæknina sem hún hefur til fullnustu. Póstkapítalismi væri í sjálfu sér ekki beint lausn á vandamálum heimsins en sú hugarfarsbreyting sem mun fylgja honum myndi svo sannarlega hjálpa til við að rétta úr samfélögunum. Með póstkapítalismanum eru líkur á að ýmsir jaðarhópar muni fá meira vægi og almennt jafnrétti muni því nást. Ef slíkar aðstæður verða í framtíðinni mun að öllum líkindum réttast úr valdaójafnvæginu.

Í upphafi ritgerðarinnar var vitnað í Paul Mason úr bók hans *Postcapitalism: A Guide to Our Future*, þar sem hann leggur til að mannkynið þurfi fyrst að bjarga hnattvæðingunni með því að losa sig við nýfrjálshyggjuöfl og svo að bjarga jörðinni með því að færa sig frá kapítalismanum. Ég tel að mannfræðin sé ágætur grundvöllur að slíkri þróun, þar sem að hún hefur frá upphafi verið notuð til þess að skoða framandi staði og þær aðstæður sem þar fyrirfinnast. Framtíðin er vitanlega framandi staður og getur mannfræðin reynst okkur góð til þess að kanna hvað er í vændum, með því að skoða bæði aðstæður fortíðarinnar og þær aðstæður sem við lifum við í nútímanum.

Heimildaskrá

- Adida, C. L., Laitin, D. D., og Valfort, M. (2014). Muslims in France: Identifying a discriminatory equilibrium. *Journal of Population Economics*, 27(4), 1039-1086.
doi:<http://dx.doi.org/10.1007/s00148-014-0512-1>
- Armijos, M. T. (2013). "They Cannot Come and Impose on Us" Indigenous Autonomy and Resource Control through Collective Water Management in Highland Ecuador. *Radical History Review*, 2013(116), 86-103.
- Barnard, A. og Spencer, J. (2002). *Encyclopedia of social and cultural anthropology*. New York: Routledge.
- Barzilai, S., og Zohar, A. (2008). Is information acquisition still important in the information age? *Education and Information Technologies*, 13(1), 35-53.
doi:<http://dx.doi.org/10.1007/s10639-007-9046-4>
- Bourdieu, P. (1998, mars). "L'essence du néolibéralisme," *Le Monde diplomatique*. Sótt þann 15. febrúar af <http://www.monde-diplomatique.fr/1998/03/BOURDIEU/10167>
- Bowles, S., og Gintis, H. (1993). The revenge of homo economicus: contested exchange and the revival of political economy. *The Journal of Economic Perspectives*, 7(1), 83-102.
- Brubaker, R. (1994). Nationhood and the National Question in the Soviet Union and Post-Soviet Eurasia: An Institutionalist Account. *Theory and Society*, 23(1), 47-78. Sótt þann 10. mars af <http://www.jstor.org/stable/657812>
- Brysk, A. og Bennett, N. (2012). Voices in the village: Indigenous peoples contest globalization in Bolivia. *Brown Journal of World Affairs*, 18, 115-127.
- Deacon, R. (2002). An analytics of power relations: Foucault on the history of discipline. *History of the Human Sciences*, 15(1), 89-117. Sótt þann 22. febrúar af <http://search.proquest.com/docview/194895414?accountid=28822>
- Douglas, M. H. C. (1919). What is Capitalism? *English Review*, 29, 166-69.
- Foley, D. K. (2009). *Understanding capital Marx's economic theory*. Cambridge: Harvard University Press.
- Frank, R. H. (1987). If Homo Economicus Could Choose His Own Utility Function, Would He Want One with a Conscience? *The American Economic Review*, (77)4, 593-604. American Economic Association.
- Friedman, J. (2004). Anthropology of the global, globalizing anthropology: A commentary. *Anthropologica*, 46(2), 231-240. Sótt þann 1. mars af <http://search.proquest.com/docview/214173403?accountid=28822>
- Fuchs, C. (2014). *Digital labour and Karl Marx*. New York: Routledge.

- Fuchs, C., og Seignani, S. (2013). What is digital labour? What is digital work? What's their difference? And why do these questions matter for understanding social media?. *TripleC: Communication, capitalism & critique. Open access journal for a global sustainable information society*, 11(2), 237-293.
- Gibson-Graham, J. K. (2006a). *A postcapitalist politics*. University of Minnesota Press.
- Gibson-Graham, J. K. (2006b). Imagining and enacting a postcapitalist feminist economic politics. *Women's Studies Quarterly*, 34(1/2), 72-78.
- Graeber, D. (2006). Turning modes of production inside out or, why capitalism is a transformation of slavery. *Critique of Anthropology*, 26(1), 61-85.
- Gramsci, Antonio. (1971). *Selections from the Prison Notebooks of Antonio Gramsci*. New York: International Publishers.
- Güçtürk, Y. (2015). War crimes and crimes against humanity in Syria. *Insight Turkey*, 17(1), 27-40. Sótt þann 8. mars af <http://search.proquest.com/docview/1706363147?accountid=28822>
- Hamm, T. (2014, 29. júlí). From the scarcity mindset to the abundance mindset [bloggfærsla]. Sótt þann 17. apríl af <http://www.thesimpledollar.com/from-the-scarcity-mindset-to-the-abundance-mindset/>
- Harvey, D. (2016). *The ways of the world*. London: Profile Books.
- Harvey, D. (2014). *Seventeen contradictions and the end of capitalism*. London: Profile Books.
- Harvey, D. (2012). History versus theory: A commentary on Marx's method in Capital. *Historical Materialism*, 20(2), 3-38.
- Harvey, D. (2005). *A brief history of neoliberalism*. Oxford: Oxford University Press.
- Hay, C. (2006). What's Globalization Got to Do with It? Economic Interdependence and the Future of European Welfare States. *Government and Opposition*, 41, 1–22. doi: 10.1111/j.1477-7053.2006.00168.x
- Henrich, J., Boyd, R., Bowles, S., Camerer, C., Fehr, E., o.fl. (2001). In Search of Homo Economicus: Behavioural Experiments in 15 Small-Scale Societies. *The American Economic Review*, (91)2, 73-78. American Economic Association.
- Henten, A. H., & Windekilde, I. M. (2016). Transaction costs and the sharing economy. *Info: The Journal of Policy, Regulation and Strategy for Telecommunications, Information and Media*, 18(1), 1-15. Sótt þann 15. apríl af <http://search.proquest.com/docview/1754063195?accountid=28822>
- Hobsbawm, E. (2011). *How to change the World: Reflections on Marx and Marxism*. London: Yale University Press.
- Huws, U. (2014). *Labor in the Global Digital Economy: The Cybertariat Comes of Age*. New York: Monthly Review Press.

- Kristín Loftsdóttir. (2015). Vikings Invade Present-Day Iceland. Í E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritsj.), *Gambling Dept: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy* (bls. 3-14). Boulder, CO: University Press of Colorado.
- Margesson, R., & Chesser, S. G. (2014). Syria: Overview of the humanitarian response. *Current Politics and Economics of the Middle East*, 5(2), 273-305. Sótt þann 8. mars af <http://search.proquest.com/docview/1655116219?accountid=28822>
- Marx, K. (1973). *The grundrisse*. Middlesex: Penguin.
- Marx, K. (1967). *Capital: a critique of political economy*, Vol. 1. Moscow: Progress Publishers.
- Marx, K., & Engels, F. (1848/2004). Manifesto of the Communist Party [rafræn útgáfa]. *Maxists internet archive*. Sótt þann 27. apríl af <https://www.marxists.org/archive/marx/works/download/pdf/Manifesto.pdf>
- Mason, P. (2015). *Postcapitalism: A guide to our future*. London: Allen Lane.
- Már Wolfgang Mixa. (2015). A Day in the Life of an Icelandic Banker. Í E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritsj.), *Gambling Dept: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy* (bls. 33-46). Boulder, CO: University Press of Colorado.
- McGee, R. J. og Warms, R. L. (2008). *Anthropological theory: An introductory theory*. New York: McGraw Hill.
- Mehring, E. F. (2013). *Karl Marx: the story of his life*. London: Routledge.
- Munger, M. C. (2016). Tomorrow 3.0: The sharing economy. *The Independent Review*, 20(3), 391-395. Sótt þann 15. apríl af <http://search.proquest.com/docview/1757073246?accountid=28822>
- Norman, J. (2014, 11. september). Neoliberal globalisation and the "Arab Spring": One facet of a global movement? [bloggfærsla]. Sótt þann 9. mars af <http://www.e-ir.info/2014/09/11/neoliberal-globalisation-and-the-arab-spring-one-facet-of-a-global-movement/>
- Plattner, S. (1989). *Economic anthropology*. Stanford, CA: Stanford University Press.
- Posen, H. A. (2015). Ridesharing in the sharing economy: Should regulators impose über regulations on uber? *Iowa Law Review*, 101(1), 405-433. Sótt þann 15. apríl af <http://search.proquest.com/docview/1770930427?accountid=28822>
- Rand, A. (1965). *Capitalism: The unknown ideal*. New York: New American Library.
- Schnell, U., Drewing, C., og Hunziker, D., (framleiðendur) og Schnell, U., (leikstjóri). (2012). *Bottled life: The truth about Nestlé's business with water* [kvikmynd]. Bern: Doklab GmbH.
- Smith, J. W. (2016). The uber-all economy of the future. *The Independent Review*, 20(3), 383-390. Sótt þann 15. apríl af <http://search.proquest.com/docview/1757073280?accountid=28822>
- Snider, J. H. (1996). Education wars: The battle over information-age technology. *The Futurist*, 30(3), 24. Sótt þann 11. mars af <http://search.proquest.com/docview/218553889?accountid=28822>

- Sperber, J. (2014). Karl Marx: An intellectual biography. *German Studies Review*, 37(2), 434-436. Sótt þann 23. febrúar af <http://search.proquest.com/docview/1545083576?accountid=28822>
- Thorsen, D. E. (2010). The neoliberal challenge: What is neoliberalism? *Contemporary Readings in Law and Social Justice*, 2(2), bls.188–214. Addleton Academic Publishers.
- Trofimov, Y. (2015, 26. febrúar). Islamic State's Scariest Success: Attracting Western Newcomers [bloggfærsla]. Sótt þann 13. mars af <http://www.wsj.com/articles/islamic-states-scariest-success-attracting-western-newcomers-1424932279>
- Van Dijck, J. (2013). *The culture of connectivity: A critical history of social media*. New York: Oxford University Press.
- Verhaeghe, P. (2014, 29. september). Neoliberalism has brought out the worst in us. *Theguardian.com*. Sótt þann 4. febrúar af http://www.theguardian.com/commentisfree/2014/sep/29/neoliberalism-economic-system-ethics-personality-psychopathicstic?CMP=share_btn_link
- Vilhjálmur Árnason. (2015). Something rotten in the state of Iceland: The production of truth about the Icelandic banks. Í E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritsj.), *Gambling Dept: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy* (bls. 47-59). Boulder, CO: University Press of Colorado.
- Wikan, V. (2015, 21. mars). What is 'neoliberalism', and how does it relate to globalization? [bloggfærsla]. Sótt þann 8. mars af <http://www.e-ir.info/2015/03/21/what-is-neoliberalism-and-how-does-it-relate-to-globalization/>
- Wilk, R. R. og Cliggett, L. C. (2007). *Economies and culture: Foundations of economic anthropology*. Boulder, CO: Westview Press.
- Williams, C. C., Nadin, S., og Rodgers, P. (2011). Beyond a "varieties of capitalism" approach in central and eastern Europe. *Employee Relations*, 33(4), 413-427. doi:<http://dx.doi.org/10.1108/01425451111142701>
- Wilson, J. Q. (1995). Capitalism and morality. *Public Interest*, (121), 42. Sótt þann 5. febrúar af <http://search.proquest.com/docview/222065712?accountid=28822>
- Wolf, E. R. (1990). Facing power-old insights, new questions. *American Anthropologist, New Series*, 92(3), 586-596.